




Barna- og  
fjölskyldustofa

# Sambætting þjónustu í þágu farsældar barna





# Barna- og fjölskyldustofa

- **Barna- og fjölskyldustofa tók til starfa 1. janúar 2022**
- Fer áfram með flest verkefni Barnaverndarstofu en fær til viðbótar verkefni tengdum samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna
- **Byggja upp verkfærakistu fyrir þjónustuveitendur (í undirbúningi)**
  - Leiðbeiningar og gátlistar fyrir tengiliði og málstjóra
  - Stöðluð eyðublöð og upplýsingar fyrir notendur þjónustunnar
  - Reglubundin fræðsla til þeirra sem koma að samþættingunni
    - Netnámskeið, málþing, farsældarráð og farsældarþing
  - Diplómanám í samþættingu hefst haustið 2022 í Háskóla Íslands
  - Ráðgjöf við tengiliði, málstjóra og stuðningsteymi
  - Þróunar og rannsóknarstarf



# Við erum komin af stað!

- **Samtal við sveitarfélög**
  - Frumkvöðlasveitarfélög: Árborg, Akranes, Akureyri, Vestmannaeyjar
  - Kynningar og samtal: Reykjavík, Hafnarfjörður, Múlaþing og Fjarðarbyggð
    - Hvað vantar, hvað getum við lært, hvað þurfum við að styðja við?
    - Umræðutorg fyrir fulltrúa innleiðingar?
- **Farsældarrútan – heimsóttum fulltrúa allra sveitarfélaga**
  - Reykjanesbær, Ísafjörður, Borgarnes, Blönduós, Akureyri, Egilsstaðir, Reykjavík, Höfn, Hella og Þorlákshöfn
- **Leiðbeiningar um samþættinguna eru í smíðum**
  - Beiðni til tengiliða/málstjóra og beiðni um samþættingu
  - Reglugerð um tengiliði og málstjóra
  - Kynningar og fræðsla til almennings, þjónustuveitenda, tengiliða og málstjóra



# Farsældarlög

- Lög um samþætting þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021
- Tóku gildi 1. janúar 2022
- Lög um Barna- og fjölskyldustofu nr. 87/2021
- Tóku gildi 1. janúar 2022

2018

2019

2020

2021

2022

## UNDIRBÚNINGUR

Ráðstefna um snemmtæka íhlutun.

Viljayfirlýsing fimm ráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Þingmannanefnd um málefni barna.

Stýrihópur Stjórnarráðsins í málefnum barna

## UNDIRBÚNINGUR

Boð um víðtæka þátttöku og samráð og tilnefnt í hliðarhópa.

Vinnufundur hliðarhópa.

Ráðstefnan Breytingar í þágu barna í Hörpu.

## FRUMVARPSDRÖG

Vinna frumvarpa til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Fyrstu drög send þátttakendum í hliðarhópum og völdum hagsmunaaðilum.

Fumvarpsdrög kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

Frumvörpin kynnt sveitarfélögum, ríkisstofnunum, samtökum fagfólks og öðrum hópum.

Umsögn Persónuverndar.

Hagrænt mat og fjárhagsleg áhrif.

## ÞINGLEG MEÐFERÐ

Fimm frumvörp samþykkt á Alþingi 11. júní 2021 með öllum greiddum atkvæðum.

Málþing með þjónustuveitendum 17. nóvember.

## INNLEIÐING

Lögin tóku gildi 1. janúar 2022 og er innleiðingartímabilið skilgreint þrjú til fimm ár.







# Hvert er markmiðið með samþættingu?

- Að samstarf vegna þjónustu við börn fari í skýrari farveg
- Að öll börn (0-18 ára) og foreldrar þeirra sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana
  - Hafi aðgang að tengilið/málstjóra sem vísar þeim áfram ef þörf krefur
- Þeir sem veita börnum og foreldrum þjónustu eiga að:
  - fylgjast með velferð og farsæld allra barna
  - bregðast við þörf fyrir þjónustu
  - hafa samráð sín á milli til að veita góða þjónustu við hæfi



# Þjónustuveitendur

- Sá sem veitir farsældarþjónustu, hvort sem hann er hluti af stjórnslu ríkis eða sveitarfélags eða einkaaðili sem **veitir slíka þjónustu á vegum ríkis eða sveitarfélags, t.d. á grundvelli þjónustusamnings.**
- Til þjónustuveitenda teljast t.d. leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, framhaldsskólar, heilsugæsla, sérhæfð heilbrigðisþjónusta, lögregla, félagsþjónusta og barnavernd.



# Þeir sem veita almenna þjónustu

- Aðilar sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna en **eru ekki á vegum ríkis eða sveitarfélags**
- T.d. sjálfstætt starfandi sérfræðingar, íþrótta-, lista og æskulýðsstarf, annað tómstundastarf og frjáls félagasamtök
- Þeir aðilar bera einnig skyldu til þess að fylgjast með velferð og farsæld barna
- Bera sömu skyldur og þjónstuveitendur til þess að leiðbeina foreldrum og barni um tengiliði og samþættingu þjónustu



# Hvernig hefst samþætting þjónustu?

- Þjónustuveitendur og þeir sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna sem verða þess áskynja að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti skulu veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu
- Þjónustuveitandi og þeir sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barna geta miðlað upplýsingum til tengiliðar óski foreldrar og eftir atvikum barn eftir því. **Beiðni um miðlun** á upplýsingum er sett fram á sérstöku eyðublaði
- Samþætting er háð því að foreldrar og eftir atvikum barn óski eftir slíkri þjónustu með því setja fram **beiðni um samþættingu** á þar til gerðu eyðublaði
- **Foreldrar og börn geta einnig óskað eftir samþættingu beint við tengilið eða málstjóra**



# Tengiliðir

## Hver er tengiliður?

- ✓ á meðgöngu og frá fæðingu fram að skólagöngu = **heilsugæsla**
- ✓ barn í skóla = **starfsmaður skólans** (leikskóli → grunnskóli → framhaldsskóli)
- ✓ sérstakar aðstæður = starfsmaður félagsþjónustu (t.d. barn sem er ekki í skóla)
- ✓ tengiliður skal hafa viðeigandi þekkingu á farsældarþjónustu

## Hvernig berst erindi til tengiliðar?

- ✓ frumkvæði foreldris/barns – EÐA – beiðni foreldris/barns um að aðrir komi til skila
  - ✓ öll börn og foreldrar hafa aðgang að tengilið
  - ✓ þeir sem veita þjónustu geta – að beiðni foreldris/barns – vísað máli til tengiliðar

## Hvað gerir tengiliður?

- ✓ tekur við beiðni foreldra um samþættingu
- ✓ skipuleggur og fylgir eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu
- ✓ kemur máli í hendur málstjóra eftir atvikum

Vandinn getur verið „lítill“ eða „stór“ í huga barns eða foreldris; t.d. námsvandi, kynjavandi, kynferðisvandi, vanlíðan, einmannaleiki, skilnaður, samskiptavandi, sambandsvandi, útilokun, heimilisofbeldi, Menningarmunur, andlát, veikindi, stríðni, fátækt, tungumálavandi, osfrv.....



Kynnir samþættingu, hlutverk málstjóra og stuðningsteymis

- Ef vandinn er of mikill fyrir tengilið
- Ef ekki tekst að finna lausn



# Málstjóri

## Hver er málstjóri?

- ✓ starfsmaður félagsþjónustu – eða – þar sem þarfir barns liggja
- ✓ starfsmaður barnaverndarþjónustu ef þörf á bv. úrræðum skv. niðurstöðu könnunar
- ✓ málstjóri skal hafa yfirgripsmikla þekkingu á farsældarþjónustu

## Hvernig berst erindi til málstjóra?

- ✓ ástæða til að ætla að barn þurfi fjölþætta þjónustu á *öðru og/eða þriðja stigi til lengri tíma*
- ✓ *fyrir liggur beiðni um samþættingu*
  - ✓ tengiliður getur vísað máli til málstjóra
  - ✓ þeir sem veita þjónustu geta vísað máli til málstjóra



# Hvað gerir málstjóri

- Aflar upplýsinga um aðstæður barns
- Skipuleggur og fylgir eftir samþættingu annars og/eða þriðja stigs þjónustu
- Kemur á fót *stuðningsteymi* = þar sitja fulltrúar þeirra sem veita barni þjónustu
- Stýrir stuðningsteymi og ber ábyrgð á gerð *stuðningsáætlunar*:
  - mat og/eða greining á þörfum barns
  - markmið með þjónustu – árangursmat – tímabil
  - eftirfylgd – endurmeta og endurnýja eftir þörfum
  - máli lýkur án stuðningsáætlunar - rökstudd niðurstaða
  - tilkynnt foreldrum og tengilið



Kynnir samþættingu, og stuðningsteymi – gerir **stuðningsáætlun** í samvinnu við þjónustuaðila og fylgir henni eftir. Ef samvinna næst ekki um lausn málsins eða ef vandinn er of mikill fyrir málstjóra er hægt að tilkynna málið til barnaverndar



# Stuðningsáætlun

- Stuðningsáætlun er vegvísir um samþætta þjónustu í þágu farsældar barns í takt við stuðningsþörf í daglegu lífi og skólastarfi á ákveðnu tímabili út frá fyrirbyggjandi mati og/eða greiningum.
- Í áætluninni er gerð grein fyrir stuðningsþörf og hvernig henni er mætt með aðlögun og stuðningi á öllum þjónustustigum.
- **Hlutverk** hvers þjónustuveitanda er skilgreint, **gildistími** stuðningsáætlunar skráður og verklag stuðningsteymis við mat á verkþáttum og leiðum skilgreint.
- Leggja þarf mat á árangur áætlunar og endurmeta eftir því sem þörf krefur.
- Áður en barn verður 18 ára skal stuðningsteymi gera áætlun þar sem fjallað er um samþættingu þjónustu fyrir barnið eftir að það nær fullorðinsaldri.



# Grunnskilyrði samþættingar er **beiðni** foreldris og /eða barns

- Þegar beiðni liggur fyrir virkjast ferlið:





# Vinnsla persónuupplýsinga

- Fyrsta vinnsla persónuupplýsinga á grundvelli laga um samþættingu er miðlun upplýsinga til tengiliðar
  - Þjónustuveitandi eða sá sem veitir almenna þjónustu tekur við beiðni um miðlun
- Ef tengiliður telur vera þörf á samþættri þjónstu tekur hann við beiðni um samþættingu þjónustu
- Undirritaðar beiðnir veita heimild til miðlunar og vinnslu á tilteknum persónugreinanlegum upplýsingum
  - Beiðni foreldra og eftir atvikum barns er heimildin fyrir miðlun upplýsinga milli aðila sem veita þjónustu
- Samþætting = heimilar vinnslu persónuupplýsinga, söfnun, skráningu, varðveislu, miðlun og samkeyrslu upplýsinga



# Vinnsla persónuupplýsinga

- Tryggt skal að skilyrði persónuverndarlaga séu tryggð í allri vinnslu mála
- Samþætting þjónustu hefur ekki þau áhrif að þeir sem veita barni þjónustu hafi heimild til þess að miðla öllum upplýsingum óhindrað á milli kerfa
- Barna- og fjölskyldustofa er ábyrgðaraðili vinnslunnar
- Í undirbúningi eru viðmið um vinnslu persónuupplýsinga í samþættri þjónustu
  - leiðbeiningar til allra sem koma að þjónustu við börn og fjölskyldur um:
    - tilgang og aðferðir við vinnslu
    - meðalhóf, gagnsæi og fræðslu



# Gagnagrunnar

- Í undirbúningi er gagnagrunnur í barnavernd
  - Auðveldar samskipti milli barnaverndarnefnda
  - Auðveldar skráningu og vinnslu mála
- Á seinni stigum verður komið á fót gagnagrunni fyrir samþættingu
  - Auðveldar skráningu
  - Samskipti tengiliða og málstjóra
- Hvert og eitt sveitarfélag notast við sín skráningarkerfi fyrir samþætta þjónustu líkt og alla þjónustu sem sveitarfélög bjóða upp á



# Stigskipting þjónustu í þágu farsældar barna

Skylda til að skilgreina alla þjónustu - eðli þjónustunnar

## ▪ Fyrsta stig þjónustu

- ✓ grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum
- ✓ einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur í samræmi við frummat á þörfum + eftirfylgd
- ✓ styðja við farsæld

## ▪ Annað stig þjónustu

- ✓ einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur í samræmi við faglegt mat/frumgreiningu
- ✓ leitast við að veita á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu
- ✓ tryggja farsæld

## ▪ Þriðja stig þjónustu

- ✓ einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu
- ✓ leitast við að veita á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu
- ✓ tryggja að farsæld verði ekki hætta búin



# Fyrsta stigs þjónustan - taka á vandanum áður en það er of seint!

- **Hvað getur skólinn gert fyrir barnið?**  
Kennsluráðgjöf, tónlistarskólinn, námsráðgjöf, skólahjúkrun, frístund, vinnuskóli, sálfræðingur, umsjónarkennari, deildarstjóri, sérkennslustjóri, félagsráðgjafi, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari .....
- **Hvað getur heilsugæslan gert fyrir barnið?**  
Foreldrahæfni, ungbarnateymi, barnateymi, uppeldisráðgjöf, Uppeldi sem virkar, Klókir krakkar, heilsuvernd, kynfræðsla, húðumhirða.....
- **Hvað getur félagsþjónustan gert fyrir barnið?**  
Vinna með jaðarsett börn, foreldrafærniþjálfun PMTO, börn af erlendum uppruna, sorgarvinna, forvarnarteymi, frístund, .....



# Hverjir koma að málum á fyrsta stigi?

- Tengiliður, umsjónarkennari/kennari, námsráðgjafi, þroskaþjálfari, sérkennari, ráðgjafar á fjölskyldusviði, ráðgjafar á fræðslusviði, foreldrar, barnið, skólahjúkrunarfræðingur, skólasálfræðingur, lausnateymi (ráðgjöf), nemendavernd (ráðgjöf), farsældarteymi (ráðgjöf), fjölskyldufræðingur, þroskaþjálfari, iðjuþjálfari, tómstundafræðingur, annað starfsfólk skólans
- **Grunnþjónusta fyrir öll börn:**
  - Leik-, grunn- og framhaldsskóla
  - Almenn menntun, forvarnir og starfshættir gegn einelti og ofbeldi
  - Aðgerðir sem styðja jákvæðan skólabrag
  - Almenn heilsugæsla
  - Þjónusta heilsugæslulæknis, meðgöngueftirlit, fæðingarnámskeið, ungbarnavernd og bólusetningar
  - Almenn félagsþjónusta
- **Einstaklingsmiðaður snemmtækur stuðningur:**
  - Úrræði sem svara þjónustubörf sem er umfram grunnþjónustu
  - Afmörkuð þörf fyrir skólaþjónustu vegna sérþarfa, námsörðugleika, hegðunarvanda eða afleiðing eineltis
  - Meðferð við minniháttar heilsufarsvanda
  - Barn getur notið þjónustu frá fleiri en einum þjónustuveitanda
  - Einstaklingsbundinn snemmtækur stuðningur í samræmi við frummat á þörfum barns



# Annað stig

- **Markvissari stuðningur:**
  - Þörf á sérhæfðari/fjölbreyttari þjónustu
  - Stuðningsþjónusta á vegum félags- og skólaþjónustu sveitarfélaga, sérdeildir og starfsbrautir í skólum
  - Faglegt mat og/eða frumgreining á þörfum barns, **EKKI sjálfstæð krafa um að formleg greining** hafi farið fram svo hægt sé að veita þjónustu
  - Stuðningur veittur á grundvelli stuðningsáætlunar
  - Félagspjónustan eða þar sem hagsmunir barns eru



## Priðja stig

- **Sérhæfðari stuðningur:**

- Barn á þessu þjónustustigi hefur að jafnaði flókinn og fjölþættan vanda og mikla umönnunarpörf
- Gert er ráð fyrir að viðurhlutaminni stuðningur eigi ekki við eða hafi verið fullreyndur
- Ýmis vistunarúrræði á grundvelli barnaverndarlaga
- Umfangsmikill og fjölþættur stuðningur við fötluð börn og langvarandi sjúkrahúsadvöl barna
- Stuðningur getur verið veittur á grundvelli stuðningsáætlunar
- Barnavernd eða þar sem hagsmunir barns eru



# Greining úrræða – stigskipt þjónusta

- Greining var gerð á þjónustu við börn og foreldra innan velferðar- og skólaþjónustu og heilsugæslu í sex sveitarfélögum á vegum félagsmálaráðuneytisins
- Barna- og fjölskyldustofa er að safna upplýsingum frá sveitarfélögum um 1., 2. og 3. stigs úrræði sem eru í boði á hverjum stað
- Kortlagning á úrræðum og þjónustu út frá stigskiptingu




# Sambætting í barnavernd

- Ef mál er unnið í sambættri þjónustu og barn er í þörf fyrir úrræði á vegum barnaverndar tekur starfsmaður nefndarinnar við hlutverki málstjóra
- Ef ekki liggur fyrir beiðni foreldra og/eða barns fyrir sambættri þjónustu við beitingu úrræða ber að meta þörf fyrir sambættingu og bjóða aðilum að leggja fram beiðni þess efnis
- Í undantekningatilvikum er hægt að úrskurða um að mál sem er í vinnslu barnaverndar skuli unnið í sambættingu án samþykkis foreldra
- Í þeim tilvikum sem barn er í umsjá barnaverndar og vistað utan heimilis í úrræðum á vegum barnaverndar hefur nefndin heimild til þess að sambætta þjónustu í þágu farsældar barnsins

# Sambættingin flokkast með arðbærari verkefnum sem hið opinbera hefur ráðist í

## Samanburður á raunávöxtun<sup>1</sup>



**Sambætting farsældarþjónustu væri með arðbærari verkefnum** sem hið opinbera getur ráðist í

Ef tekið væri tillit til **aukinnar framleiðni** þeirra barna sem eiga betra líf vegna frumvarpsins **væri arðsemin hærri**

Þá eru **engin raskandi umhverfisáhrif** til staðar sem vega þarf á móti arðsemi líkt og í verkefnum um innviðauppbýggingu

<sup>1</sup> Vaxtakjör ríkissjóðs miða við niðurstöður skuldabréfaútboðs í evrum þann 27. maí 2020 þar sem vaxtakjör voru 90 punktar ofan á millibankavexti. Ávöxtun lífeyrissjóða er sú raunávöxtun sem stjórnvöld telja líklegast að lífeyrissjóðirnir nái um langa framtíð. Arðsemi Sundabrautar byggir á arðsemismati sem samgönguráðherra lagði fram sem svar við fyrirspurn á Alþingi þann 21. janúar 2003. Arðsemi Kárahnjúkavirkjunar byggir á skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um Kárahnjúkavirkjun og orkusölu til Fjarðaáls sem flutt var á Alþingi 12. október 2006. Arðsemi Keflavíkurlugvallar byggir á ávöxtun eigin fjár ISAVIA á árunum 2010-2019.



Takk fyrir!